



Alvarlegur astmi - Meðferð með líftæknilyfjum

Astmi er algengur bólgusjúkdómur í lungum og er tíðni sjúkdómsins um 5-10%.

Einkennandi fyrir sjúkdóminn eru öndunarfæraeinkenni sem oft eru breytileg s.s áreynslumæði, andþyngsli, hósti og aukin slímmyndun. Einkennin versna gjarnan í tengslum við kalt loft, sterka lykt og öndunarfærasýkingar. Um 10% einstaklinga með astma fá tíðar versnanir eða hafa mikil einkenni þrátt fyrir hefðbundna meðferð með innöndunarlyfjum þ.e. hafa alvarlegan astma.

Sérhæfð astmagöngudeild á A3 Landspítala Fossvogi.

Göngudeild fyrir alvarlegan astma er staðsett á A3 Landspítala í Fossvogi. Þar fer fram uppvinnsla og greining á alvarlegum astma og mat á þörf fyrir líftæknilyfjameðferð.

Framkvæmdar eru öndunarmælingar (spirometry) og bólgubættir mældir í útöndunarlofti með nituroxíðmælingu til að fá nánari greiningu á eðli loftvegabólgunnar. Ofnæmisrannsóknir eru einnig gerðar.

Þeir sem hafa alvarlegan astma hafa oft ýmsa fylgisjúkdóma astma og einnig sjúkdóma sem tengjast endurtekinni meðferð með barksterakúrum. Talið er að 80% sjúklinga með astma hafi nefbólgu og/eða skútabólgu. Mikilvægt er að greina og meðhöndla fylgisjúkdóma áður en líftæknilyfjameðferð er hafin.

Alls eru nú fleiri en 500 einstaklingar á líftæknilyfjameðferð vegna astma á Íslandi og í eftirliti á sérhæfðri astmagöngudeild á Landspítala. Líftæknilyfjin eru gefin með lyfjapenna undir húð og sjúklingarnir geta gefið sér lyfið sjálfir heima eftir að hafa fengið kennslu og þjálfun hjá hjúkrunarfræðingum á astmagöngudeildinni.

Hverjir eiga að fá líftæknilyf við astma?

Algengasta ábending fyrir líftæknilyfjameðferð við alvarlegum astma er þegar ekki næst nægjanlega góð astmastjórnun þrátt fyrir háskammta innöndunarlyfjameðferð og þegar þörf er á endurtekinni barksterameðferð til að halda niðri einkennum. Mikilvægt er að reyna að forðast barksterameðferð eins og kostur er til að koma í veg fyrir fylgikvilla þeirra s.s. beinþynningu, ofþyngd, sykursýki ofl.

Versnun á öndunarmælingum og alvarlegar og tíðar astmaversnanir eru einnig ábending fyrir líftæknilyfjameðferð.

Þegar góð svörin fæst við líftæknilyfjameðferð fækkar astma versnunum um allt að 50% og lífsgæði batna og vinnufærni eykst. Oft minnka einnig þreytueinkenni og öndunarmælingar batna, mæði minnkar og áreynslugeta eykst.

Nýlega var gefinn út fræðslubæklingur um alvarlegan astma saminn af starfsfólki astmagöngudeildarinnar þar sem farið er yfir helstu einkenni, greiningu sjúkdómsins og nauðsynlegar rannsóknir. Sagt er frá algengustu líftæknilyfjunum og réttum viðbrögðum við versnun á sjúkdómnum og astmaköstum. Hægt verður að nálgast bæklinginn á A3 göngudeild, skrifstofu AO við Borgartún 28a eða óska eftir honum í Landspítala appi, heilsuveru sjúklings.

Á astmamóttökunni starfar einnig hjúkrunarfræðingur sem sér um utanumhald þessa hóps og sinnir aðkallandi símtölum. "